

Mættir: Björn Ólafsson, Friðrik Lunddal, Guðrífður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir. Margrét Kjartansdóttir og Gunnlaugur Valtýsson mættu ekki.

1. **Bréf frá Ástu Arnardóttur f.h starfshóps um enskan springer spaniel**
Boða starfshópin á fund kl.16:30
Hópurinn greindi frá tillögum sínum og svaraði spurningum stjórnarmanna. Ákveðið að starfshópurinn vinni aftur gögnin og leggi aftur fyrir stjórn.
2. **Bréf frá Unglingadeild – breytt fyrirkomulag í keppni ungra sýnenda**
Mættar: Jónína Sif, Guðrún, Rakel og Þorbjörg.
Stúlkurnar fylgdu sínu máli eftir. Rætt um kvartanir á núverandi sýningaþjálfun og stúlkunum bent á það sem þeim var leiðbeint á síðasta fundi. Jóna sagðist vera óánægð með að stjórn unglíngadeildar hafi ekki tekið til athuganir það sem Valgerður og hún hafi beint þeim á að lagfæra. Stjórn sammála að prófa breytt fyrirkomulag í keppni ungra sýnenda til reynslu í eitt ár.
3. **Bréf frá Fuglahundadeild – umsókn um haustpróf**
Senda bréfið til veiðiprófanefndar HRFÍ fyrir tegundahóp 7.
Í nefndinni eru:
Ásgeir Heiðar frá fuglahundadeild, pointer@vortex.is
Egill Bergmann frá írsk setterdeild, maggak@vortex.is
Jón Garðar Þórarinsson frá, vorstehdeild
4. **Tölfræðiupplýsingar fyrir FCI**
Helga tók saman upplýsingarnar og sendi til FCI. Sammála að Valgerður taki tölurnar saman og útbúi töflu eins og sett er í ársskýrsluna.
5. **Ályktun félagsfundar fuglahundadeildar 12. Febrúar**
Stjórn samþykkti að ekki verði slakað á um reglur um veiðimeistara á þann veg að ekki verði gerð krafa til útlits við veitingu þess titils.
6. **Punktur frá fulltrúaráðsfundi 11. febrúar sl.**
Frestað, en rætt var um hvað á að eigi að birta á vefsíðunni úr fundargerð stjórnar.
7. **Ársskýrsla vorstehdeildar –flutt á ársfundi deildarinnar 6. febrúar sl.**
8. **Fundur DÍF/HRFÍ/Guðrún R. Guðjohnsen, Kenneth Edh og Hans-Åke Sperne**
Fundur á skrifstofu HRFÍ 23. og 24. febrúar kl.13:30 -17:00 vegna vinnu við skýringar með ræktunarmarkmiði íslenska fjárhundsins.
9. **Önnur mál**
 - Samræming meistaratitla á ensku- Frestað
 - Fyrirlesari í haust – Astrid Indebrø dýralæknir/ Jan Fennel hundaþjálfari -Frestað
 - Breyting á kröfum varðandi val á ræktunarnafni – samræma við kröfur FCI - Frestað
 - Fyrirlestur Frank Kane 2. mars um líkamsbyggingu og hreyfingu.
Mikil aðsókn er á þennan fyrirlestur og hefur VÍS boðist til að lána okkur sal og bjóða upp á kaffi í hlé.
 - Búið er að samþykkja beiðni frá stjórnarmanni í Schnauzerdeild um frestun á ársfundi deildarinnar til byrjun maí vegna nýlegs andláts eiginmanns formanns deildarinnar.
 - Dómararéttindi Alberts Steingrímssonar
 - Agilitydómari – Ragnar Sigurjónsson

Lauk undirbúningsnámskeiði HRFÍ fyrir leiðbeinendur og dómara 29. júlí – 1. ágúst 1989, alls 31 kennslustund. Leiðbeinandi Marie Hansson. Samþykkt að veita honum réttindi til að dæma hundafimikeppni á vegum HRFÍ.

- **Skipun í framkvæmdanefnd sýningastjórnar**

Tillaga að Tryggvi Erlingsson komi í stað Ragnars Sigurjónssonar sem hefur tilkynnt að hann geti ekki sinnt þessu starfi þar sem HRFÍ getur ekki greitt honum upp í bensínkostnað.

Samþykkt

- **Erindi til stjórnar HRFÍ frá Sigurlaugu Hauksdóttur – A-2221/A-2221a**
Ósk um augnskoðun fyrir norðan. Erindið barst of seint, 20 hundar eru of fáir hundar. Því miður ekki hægt að verða við beiðni þeirra þar sem búið er að skipuleggja augnskoðun í maí. Skráning á 20 hundum er of lítil þátttaka til að það taki því að senda dýralækni norður. Við munum hafa þau í huga við skipulagninu á augnskoðun í haust.

10. Næsti stjórnarfundur verður fimmtudaginn 12. mars kl.16:00.